

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2016

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.  
(457. mál)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Meginmarkmið frumvarpsins er að einfalda regluverk, meðal annars með því að aflétta leyfisskyldu í tilteknum flokkum og gera rekstrarleyfi ótímabundin. Viðskiptaráð telur efni frumvarpsins vera til bóta og fagnar því að stjórnvöld láti einföldun regluverks sig varða.

Ráðið gerir þó ákveðnar athugasemdir við frumvarpið. Annars vegar mætti afnám leyfisskyldu eiga við um öll form gistipjónustu og hins vegar telur ráðið kvöð um sendingu nýtingaryfirlits of íþyngjandi fyrir rekstraraðila.

Af þeim breytingum sem ráðið telur til bóta má í fyrsta lagi nefna að veitingastaðir án áfengisveitinga verði ekki lengur rekstrarleyfisskyld starfsemi. Með þessari breytingu þurfa bakarí ekki lengur að sækja um slíkt leyfi heldur dugir þeim að sækja einungis um starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Ráðið telur í öðru lagi til bóta að felld sé úr lögnum að skil milli flokka veitingastaða sé byggð á opnunartíma veitingastaða til klukkan 23. Með því að fella brott viðmiðið um tímann er það sett í hendur leyfisveitanda og umsagnaraðila á hverjum stað að meta hvort starfsemi veitingastaðar teljist umfangsmikil eða umfangslítill.

Í þriðja lagi telur ráðið til bóta þá breytingu að rekstrarleyfi séu í tilteknum flokkum veitinga- og gististaða gerð ótímabundin. Í núgildandi kerfi eru leyfin veitt til fjögurra ára í senn og mögulegt að sækja um endurnýjun að þeim tíma liðnum. Að sama skapi eru felld úr gildi ákvæði í lögnum sem tengjast endurnýjun leyfa.

## **Afnæma ætti leyfisskyldu fyrir allar tegundir gistinga**

Samkvæmt frumvarpinu verður einstaklingum heimilt að starfrækja heimagistingu hafi þeir skráð sig á vefsvæði sýslumanns á viðkomandi stað eða á tiltekinni sameiginlegri vefsíðu eða vefgátt. Samkvæmt núgildandi lögum eru gerðar sömu kröfur í umsóknarferli til þess að öðlast leyfi fyrir heimagistingu og gerðar eru um aðra gististaði. Mun því frumvarpið, verði það að lögum, hafa aukið hagræði í för með sér fyrir þá sem bjóða upp á heimagistingu. Viðskiptaráð fagnar því að í frumvarpinu sé kveðið á um skráningarskyldu en ekki að einstaklingar þurfi að sækja um sérstakt leyfi til þess að reka heimagistingar.

Að mati ráðsins ætti að breikka út gildissvið þessarar breytingar og láta skráningarskyldu eiga við um allar tegundir gistingar en ekki einvörðungu heimagistingu. Þannig væri regluverki létt af gistipjónustu í heild sinni án þess að stjórnvöld geri ákveðið fyrirkomulag gistipjónustu hagfelldara en önnur þegar kemur að regluverki.

Slík breyting væri í átt til annarra ríkja. Í öðrum Evrópuríkjum er skráningarskylda algengari og einstaklingum og atvinnurekendum því í meira mæli falið að meta sjálfum hvort skilyrði laga og reglna séu uppfyllt. Með því að draga úr leyfisveitingum til einstaklinga og fyrirtækja má jafnframt auka skilvirkni hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu.

Ráðið hvetur því stjórnvöld til þess að einfalda regluverk fyrir önnur form gistingar en heimagistingar í kjölfar samþykktar frumvarpsins.

## **Kvöð um nýtingaryfirlit of íþyngjandi**

Samkvæmt frumvarpinu er lögð sú krafa á aðila með skráða heimagistingu að þeir skili svokölluðu nýtingaryfirliti til sýslumanns. Markmið þessarar kröfu er að auðvelda eftirlit með heimagistingu og auk þess verður sýslumönnum heimilt að afhenda skattyfirvöldum umræddar skýrslur til samkeyrslu við skattskil aðila.

Viðskiptaráð telur að þessi kvöð sé of íþyngjandi og gangi gegn markmiði frumvarpsins um einföldun regluverks. Þótt kvöðin kunni að spara hinu opinbera einhverja fjármuni við eftirlit er litið framhjá tíma og fyrirhöfn þeirra sem reka heimagistingu sem færi í að uppfylla þessa kröfu. Eðlilegra er að eftirlit með heimagistingu sé sambærilegt eftirliti með annarri atvinnustarfsemi og fari fram með stikkprufum en ekki kvöðum á alla rekstraraðila í heild sinni.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllst,



Björn Brynjúlfur Björnsson  
Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands